

## Samningur um umsjón og rekstur fólksvangsins Einkunna í landi Hamars í Borgarbyggð

Umhverfisstofnun og Borgarbyggð gera með sér svofelldan samning um umsjón og rekstur fólksvangsins Einkunna í landi Hamars í Borgarbyggð, skv. 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Með samningi þessum lýsir bæjarstjórn Borgarbyggðar sig ennfremur samþykka friðlýsingarskilmálum.

### 1. gr.

#### *Um friðlýsinguna*

Umhverfisráðherra hefur með undirritun auglýsingar í dag ákveðið að tillögu bæjarstjórnar Borgarbyggðar, og að fengnu álitni Umhverfisstofnunar að friðlýsa Einkunnir, 260 hektara svæði, í landi Hamars í Borgarbyggð sem fólksvang, skv. 55. grein laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

### 2. gr.

#### *Markmið friðlýsingarinnar*

Markmið með friðlýsingu svæðisins Einkunna sem fólksvangs er að vernda jarðmyndanir og votlendi í þágu útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Með friðlýsingunni er þannig stuðlað að varðveislu jarðfræðilegrar fjölbreytni, en Einkunnir eru klettaborgir sem rísa upp af mýrlendinu umhverfis. Þar eru einnig stöðuvatn, tjörn og lækir. Nafnið er fornt og kemur fyrir í Egils sögu og er því einnig um menningargildi að ræða. Einkunnir og svæðið umhverfis þær er vel fallið til útivistar og náttúruskoðunar; landslagið er fagurt, skógur vöxtulegur og dýralíf allfjölbreytt. Aðgengi að svæðinu er gott og það er því ákjósanlegt til fræðslu og útikennslu.

### 3. gr.

#### *Mörk fólksvangsins*

Mörk svæðisins eru eftirfarandi: Að norðan frá Háfsvatni fylgja þau merkjagirðingu Hamars og Holts (punktar 1-2), og þaðan áfram í suðvestur í girðingarhorn suðaustan skátaskálans (punktar 2-5) og áfram vestur í girðingu sunnan skálans (punktur 6) á landamerkjum Hamars og Borgar. Þaðan fylgja mörkin landamerkjum Hamars og Borgar (punktar 6-7) að landamerkjum Hamars og Tungulækjar og síðan áfram eftir Háfslæk og landamerkjum Hamars og Tungulækjar að Jarðlangsstöðum og áfram eftir landamerkjum jarðanna í Háfsvatn (punktur 1).

Mörkin eru sýnd á meðfylgjandi, hnitsettum uppdrætti, dags. 19. maí 2006, og eru hnitin eftirfarandi (ISN93):

1.	X=361554,595	Y=460025,790
2.	X=362296,159	Y=459103,050
3.	X=362026,346	Y=458742,651
4.	X=361687,604	Y=458120,577
5.	X=361165,935	Y=457487,860
6.	X=360660,846	Y=457490,780
7.	X=360423,358	Y=458386,272

PIB

4. gr.

*Umsjón fólkvangsins o.fl.*

Umsjón og rekstur fólkvangsins skal vera í höndum þriggja manna umsjónarnefndar Borgarbyggðar samkvæmt samningi þessum. Bæjarstjórn skipar þriggja manna umsjónarnefnd í upphafi hvers kjörtímabils. Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndaráætlunar fyrir fólkvanginn í samráði við Borgarbyggð sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

5. gr.

*Umferð í fólkvanginum*

Almenningi er heimil för um fólkvanginn, enda sé gætt góðrar umgengni. Óheimilt er að hafa hunda í fólkvanginum án fylgdar og tryggrar stjórnar.

Akstur vélknúinna farartækja utan akvega er óheimill í fólkvanginum.

6. gr.

*Vernd gróðurs, dýralífs og jarðmyndana*

Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum.

7. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð*

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda í fólkvanginum þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Jarðrask og mannvirkjagerð er einnig háð leyfi umsjónarnefndar fólkvangsins og skal vera í samræmi við eftirfarandi uppbyggingu fólkvangsins: Gert ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum, svo og reiðvegum og áningarstöðum fyrir hestamenn. Jafnframt er gert ráð fyrir aðstöðu til náttúruskoðunar og umhverfisfræðslu. Ekki er gert ráð fyrir bílvegum nema þeim vegi sem nú er, eða honum breyttum, til að komast á svæðið og af því. Gert er ráð fyrir leiksvæði fyrir börn, aðstöðu fyrir skautafólk við Álatjörn, áningarstað með grillaðstöðu og aðstöðu fyrir fatlaða til veiða við Álatjörn.

Umsjónarnefnd fólkvangsins getur heimilað að silungi verði sleppt í Álatjörn og veiði heimiluð þar, í Háfsvatni og Háfslæk.

Við gróðursetningu og grisjun trjáa skal haft samráð við Skógræktarfélag Borgarfjarðar.

Öll búfjárbætur er óheimil í fólkvanginum.

8. gr.

*Veiði og notkun skotvopna*

Öll meðferð skotvopna er bönnuð í fólkvanginum, en umsjónarnefnd fólkvangsins getur veitt heimild til að veiða refi og minka í fólkvanginum ef sérstök ástæða þykir og í samræmi lög um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og verndaráætlun.

7/10

9. gr.

*Undanþágur*

Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og umsjónarnefnd fólkvangsins, veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum um fólkvanginn í einstökum tilfellum.

10. gr.

*Gildistaka*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi. Reglur þessar skulu endurskoðaðar að liðnum 5 árum frá gildistöku þeirra.

*Ákvæði til bráðabirgða:*


Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 7. gr. er hrossabeit í samræmi við samning Borgarbyggðar við Hestamannafélagið Skugga heimil í fólkvanginum til ársloka 2007. Umsjónarnefnd fólkvangsins getur heimilað samningsaðila hrossabeit í þrjú ár eftir það með því skilyrði að hestar verði girtir af á fólkvangssvæðinu, þannig að þeir gangi ekki lausir í skógarlundum eða við þá, við Álatjörn, á bílastæðum eða göngustígum.

F.h. Umhverfisstofnunar



---

F. h. Borgarbyggðar



---


*Umhverfisstofnuneytinu, 19. maí 2006*

*Sigríður Anna Þórðardóttir*

Sigríður Anna Þórðardóttir

**Fylgiskjal.**

**Kort með mörkum fólkvangsins í Einkunnum.**



B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2006